

Fundargerð 7. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2015, fimmtudaginn 26. nóvember, kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir, Sigurður P. Sigmundsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Útboðsgögn vegna hönnunar.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu kynnti fyrirbyggjandi gögn vegna hönnunar heimilisins. Gögnin verða afhent frá og með 2. des. og tilboðum skilað inn 19. jan. nk. Þann 26. janúar 2016 verða tilboðin opnuð. Tilboðshlutanum er tvískipt. Annars vegar hönnun nýframkvæmdar og tengingar við eldri byggingu og hins vegar breyting eldri byggingar.

Verk og tímaáætlun liggur fyrir. Fyrirhugað er að nýframkvæmd verði lokið í mars 2018. Breytingar á elda húsi verði lokið í desember 2018.

2. Stoðþjónusta í Sólvangi/þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara.

Fyrir fundinum liggur minnisblað sviðsstjóra fjölskylduþjónustu þar sem fram koma tillögur að stoðþjónustu að Sólvangi. Fundarmenn ræddu sínar hugmyndir og viðbætur við fyrirbyggjandi skjal. Fram kom að í væntanlegri þjónustumiðstöð yrði stuðningsmiðstöð fyrir eldri borgara. Þar yrði hægt að leita eftir félags- og heilsufarslegum stuðningi. Skapaður yrði vettvangur fyrir frístunda- og menningartengt félagsstarf, gönguþjálfun, heimahjúkrun, iðjuþjálfun o.fl. Tenging við eldri bæjarbúa er nauðsynleg, góður matsalur og veitinghús/kaffihús, verslun o.fl. þarf að vera á staðnum. Rætt var um að greina þyrfti þörf eldri borgara fyrir aðstoð, s.s. þjálfun og ýmiskonar aðstoð.

Greint var frá „þorpi“ í Hollandi, Hogeweyk þar sem áhugaverðar hugmyndir og upplýsingar er að finna um verndað svæði fyrir heilabilaða. Nánar er hægt að fá upplýsingar á slóðinni: <http://hogeweyk.dementiavillage.com/>

Fundi slitið kl. 17:15.